

First Water (áður Landeldi hf.)  
Urðarhvarf 8B,  
203 Kópavogur

8. janúar 2026  
UOS2501404/A.E.H.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. desember 2025 – ID 491

Þann 4. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í First Water (áður Landeldi hf.), Laxabraut 21, 23 og 25 Þorlákshöfn í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað inn 11. júlí 2025, frávikinu er lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikinu er lokað.
3. 2. gr. reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðili ber að skila inn útstreymisbókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhald fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikinu er lokað.
4. 41. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Mengunarvarnir þurfa að vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.
5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Taka skal myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Engar myndir voru teknar við útrásina fyrir árið 2024.
6. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslið áður en því er veitt í viðtaka. Frárennsli frá stóru kerjunum er veitt óhreinsuðu út í viðtaka.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

*Auður Eyberg Helgadóttir*

Teymi eftirlits

*Freyr Ævarsson*

Teymi eftirlits